

## Tillaga til þingsályktunar

um tekjustofna í stað söfnunarkassa.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason,  
Pétur H. Blöndal, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri tillögur um leiðir til fjáröflunar fyrir Háskóla Íslands, Rauða krossinn, SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg sem komið geti í stað tekna af rekstri söfnunarkassa.

### Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneyti höfðu rekstraraðilar söfnunarkassa á Íslandi 1.069 millj. kr. í tekjur árið 1998 þegar frá höfðu verið dregnir vinningar og rekstrar-kostnaður. Því er ljóst að viðkomandi aðilar eiga mikið undir tekjum af rekstri söfnunarkassanna. Flutningsmenn tillögunnar, að undanskildum Hjálmarí Árnasyni, eru jafnframt flutningsmenn frumvarpa sem kveða á um bann við rekstri söfnunarkassa. Í greinargerð með þeim kemur fram vilji til að finna fjáröflunarleiðir í stað söfnunarkassa fyrir þær menningar- og þjóðþrifastofnanir sem háðar eru tekjum af kössunum. Því er þessi tillaga flutt nú.